

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-75/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna fjárhæðar reiknings vegna múrvinnu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess reikningur seljanda verði lækkaður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 1. október. Með bréfi, dags. 7. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 20. október. Með bréfi, dags. 27. október, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 10. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 22. júní, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að sumarið 2014 leitaði álitsbeiðandi eftir tilboði í múrvinnu á fasteign sinni frá tveimur aðilum. Var tilboð nefnds seljanda lægra en nefndur seljandi taldi sig geta unnið verkið á 100 – 120 tímum fyrir kr. 4.000 auk virðisaukaskatts á hvern tíma. Taldi hinn verktakinn að hann gæti ekki boðið betra verð og eins taldi hann að tímaáætlun seljanda væri óraunhæf. Áður en ráðist var í verkið ræddi eiginmaður álitsbeiðanda við seljanda og tók seljandi þá sérstaklega fram að hann væri ekki að setja fram fast tilboð, en verkið myndi líklega taka eina helgi og svo fram á þriðjudag. Eins þyrfti að leigja stillans og kaupa múrefni, en líklega væru þetta á bilinu 100 – 120 tímar í vinnu. Spurði eiginmaður álitsbeiðanda þá seljanda „hvað myndi það kosta okkur í heildina að láta filtera húsið“ og var svar seljanda á þá leið að verkið myndi kosta „á bilinu kr. 5-600.000“.

Höfst vinna við verkið að morgni laugardagsins 9. ágúst og var unnið fram undir miðja vikuna á eftir. Að verki loknu hittust síðan seljandi og eiginmaður álitsbeiðanda á verkstað og afhendi seljandi þá handskrifuð drög að reikningi sem hljóðaði upp á kr. 970.273 ásamt kvittunum fyrir efniskaupum og pallaleigu. Á reikningnum kom fram að unnið hefði verið í 167 tíma sem kostuðu kr. 838.340. Efniskostnaður og pallaleiga hljóðaði upp á eftirstöðvararnar, eða kr. 131.934. Varð strax ágreiningur um fjárhæð reikningsins, enda taldi eiginmaður álitsbeiðanda að verkið væri mun dýrara en lagt var upp með. Að sögn álitsbeiðanda mun seljandi hafa haldið því fram að vinnan við verkið án virðisaukaskatts væri kr. 668.000 sem væri í samræmi við það sem rætt hefði verið um fyrir verkið. Telur álitsbeiðandi það útrúsnúning. Eftir árangurslausar samningaviðræður varð niðurstaðan sú að álitsbeiðandi greiddi seljanda kr. 650.000 strax en ákvað að bíða með frekari greiðslur til seljanda þar til álit kæruneftndarinnar lægi fyrir.

Segist álitsbeiðandi ekki gera athugasemdir við að verkið hafi tekið 167 klukkutíma, líkt og greini í reikningi. Hins vegar krefst hún þess að reikningur seljanda verði lækkaður til samræmis við verk- og verðaætlun seljanda enda hafi sú áætlun verið grundvöllur þess að

seljandi var ráðinn til að vinna verkið. Þá telur álitsbeiðandi að þegar seljanda varð ljóst að áætlanir hans stæðust ekki, hefði hann átt að tilkynna álitsbeiðanda um það. Eins gefur álitsbeiðandi ekki mikið fyrir þær skýringar seljanda að áætlunin hafi miðast við verð án virðisaukaskatts og því sé endanlegt verð í samræmi við verðáætlun. Telur álitsbeiðandi að seljandi hefði þurft, skv. lögum, að gefa upp verð með skatti.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi seljanda til álitsbeiðanda, dags. 25. ágúst 2014.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af lögmanni seljanda, kemur m.a. fram að í álitsbeiðni komi það fram að álitsbeiðandi hafi haft samband við annan verktaka sem hafi sagt þeim að hann innheimti hærra verð en kr. 4.000 auk virðisaukaskatts. Einnig komi fram að seljandi hafi gefið álitsbeiðanda upp tímaverðið kr. 4.000 og að virðisaukaskattur myndi bætast við. Eins komi fram í álitsbeiðni að seljandi hafi lagt áherslu á að hann væri ekki að gera fast tilboð. Segist seljandi sjálfur ekki hafa viljað gera fast tilboð, heldur vinna verkið í tímavinnu og að tímagjaldið væri kr. 4.000 auk virðisaukaskatts. Eins hafi hann sagt að verkið myndi taka 4 til 5 daga fyrir 3 til 4 menn sem myndu vinna í 10 tíma á dag. Þá segir seljandi að upplýsingar um mögulegt verð, á bilinu kr. 5-600.000 væru miðaðar eingöngu við verklið vegna vinnu, en ekki efniskostnað og leigu á palli. Þá hafi álitsbeiðandi einnig óskað eftir því við seljanda á meðan á verkinu stóð að lagt yrði gólf á svölum á bakhlið hússins, en það hafi ekki verið rætt fyrir, og sé því um aukaverk að ræða. Telur seljandi ljóst að tímagjald hans sé ekki hátt, sérstaklega í ljósi þess að verkið var unnið að hluta til um helgi og að hluta til í eftirvinnu. Þá fái álitsbeiðandi allt efni á kostnaðarverði í gegnum seljanda. Telur seljandi samkvæmt framansögðu að hann hafi rukkað sanngjarnt og eðlilegt gjald fyrir verkið og staðið rétt að öllu sem snúi að verkinu sjálfu og samskiptum sínum við verkkaupa og sé heildarkostnaður verksins í samræmi við það sem rætt hafi verið í upphafi.

Meðfylgjandi andsvörum er afrit af vinnuseðli vegna verksins, ásamt afriti af reikningi.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að rétt sé að ekki hafi verið rætt upphaflega um að seljandi myndi leggja svalagólf. Því hafi álitsbeiðandi greitt honum kr. 650.000 fyrir verkið við verklok, kr. 50.000 meira en rætt hafði verið um að verkið kostaði. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hann telji að mikið beri í milli þess tímafjölda sem seljandi hafði áætlað í verkið fyrirfram og þess sem síðan varð. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi gert lítið úr verkkostnaði með það að leiðarljósi að blekkja álitsbeiðanda, með því markmiði að vera valinn til verksins. Telur álitsbeiðandi að með þessu virðist seljandi telja það eðlilegt að hann komi sér undan tíma- og verðáætlun sinni eftirá, með því að tönlast á því að hann sé í raun ekki að gera tilboð. Telur álitsbeiðandi að hann hafi mátt treysta því að seljandi hefði bæði þekkingu og reynslu til að setja fram raunhæfa tíma- og verkáætlun, án þess að beita sig blekkingum. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda eru myndir af verkinu.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Kærunefndin telur, að af gögnum málsins verði ekki ráðið, svo að niðurstaða verði á því byggð, að komist hafi gildur samningur á milli aðila um að seljandi tæki að sér hið umdeilda verk fyrir ákveðna fjárhæð, enda þótt rætt hafi verið um að verkið myndi kosta á bilinu kr. 5-600.000 miðað við ákveðið marga unna tíma auk efniskostnaðar. Verður því að byggja á því að verk það sem seljandi tók að sér að vinna skyldi unnið í tímavinnu, fyrir kr. 4.000 auk virðisaukaskatts á hvern tíma, en ekki samkvæmt uppmælingu. Er það alkunna að við verk sem unnið er samkvæmt uppmælingu geta vinnustundir orðið fleiri eða færri en gert er ráð fyrir í uppmælingunni og kemur það því ýmist verkkaupa eða verksala til góða miðað við að verkið væri unnið í tímavinnu. Ekki er deilt um að árangur verksins í sjálfur sér, þ.e. hvort það sé haldið galla, heldur er einungis deilt um fjárhæð reiknings seljanda fyrir verkið.

Samkvæmt framansögðu telur kærunefndin að afgreiðsla málsins af hennar hálfu felist í því að taka afstöðu til þess hvort reikningur seljanda hafi verið í samræmi við 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en greinin er svohljóðandi:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Álitsbeiðandi gerir engar athugasemdir við efniskostnað. Né heldur telur hún að tímafjöldi sá er seljandi skráir á verkið sé ríflegur eða oftalinn. Telur hún aðeins að verkið hafi verið of dýrt miðað við það sem rætt hafi verið fyrir kaupin. Ljóst er að seljandi rukkar ekki meira en umsamda fjárhæð fyrir hvern unnin tíma, kr. 4.000 auk virðisaukaskatts. Miðað við eðli og umfang verksins treystir kærunefndin sér ekki til að fallast á að það hafi tekið óeðlilega langan tíma. Getur kærunefndin því ekki fallist á að krafa seljanda um að álitsbeiðandi greiði henni kr. 970.273 fyrir verkið geti talist ósanngjörn í skilningi framanrakinnar 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Telur kærunefndin því ekki tilefni til að taka kröfu álitsbeiðanda um lækkun reikningsins til greina. Verður því að hafna kröfum hennar.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir